



Reykjavík, 21.09.2011
2010060531/7.1.4/

MINNISBLAÐ

Varðar: Mál Jóels Gautar Einarssonar, kt. [REDACTED] – d. 24.02.2001

Minnisblað vegna fundar á skrifstofu landlæknis, 21.09.2011, kl. 10:00. Fundinn sátu Auðbjörg Reynisdóttir, kt. [REDACTED] og undirritaður. Með Auðbjörgu var fjölskylduvinur hennar sem einnig sat fundinn.

Aðdragandi fundarins var sá að vegna máls Jóels heitins barst greinargerð frá Landspítala þann 24.08.2011 þar sem skurðlæknirinn yfirlæknir barnaskurðlækninga á Barnaspítala Hringins hefði gert grein fyrir síðustu innlögn Jóels á Barnaspítala Hringins, veikindum hans sem leiddu til komu á bráðamóttöku, meðferðarinnar sem hann fékk og aðdraganda andláts hans í beinu framhaldi. Í bréfinu segir skurðl að mistök í greiningu á veikindum Jóels þennan dag hafi leitt til láts hans.

Í framhaldi af þessari greinargerð Landspítala var sent bréf frá Landlæknisembættinu þar sem staðfest er skoðun að mistök í greiningu hafi leitt til láts Jóels. Í niðurlagi bréfsins var Auðbjörgu boðinn fundur hér á skrifstofu landlæknis til að ræða málið frekar.

Ég segi henni að þessu máli sé ekki lokið frá hendi Landlæknisembættisins. Við munum funda um það hvernig bregðast eigi við þessum viðurkenndu mistökum við veitingu heilbrigðisþjónustu. Skrifað verði bréf til framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala varðandi málið og gengið eftir viðbrögðum stjórnenda spítalans. Muni hún verða upplýst um framhald málsins.

Undirritun

yfirlæknir